

Ráðuneyti umhverfis, loftslags og orkumála
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 28. febrúar 2022

Umsögn Landverndar um drög að frumvarpi um bann við leit, rannsókn og vinnslu kolvetnis (olíu) í efnahagslögsögunni, mál nr. 37/2022

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind frumvarpsdrög og ítrekar stuðning sinn við þau eins og fram kom í umsögn samtakanna um áform um lagasetninguna. Bann við vinnslu og leit að olíu er nauðsynlegt til þess að staðfesta yfirlýstan vilja Íslands í verki til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Engu er fórnað með því að banna olíuleit og -vinnslu þar sem ekki fer fram virk leit að olíu í lögsögu Íslands. Það er tímabært og mikilvægt að taka af skarið og innleiða bannið með lagasetningu strax.

Eins og áður hefur komið fram telur stjórn Landverndar að frumvarpsdrögin séu í samræmi við orkustefnu fyrir Ísland þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaut árið 2050, við stjórnarsáttmálann þar sem Ísland skal verða jarðefnaeldsneytislaut fyrir 2040 og við Parísarsáttmálann sem Ísland hefur undirritað. Landvernd vill nota tækifærið og hrósa ríkisstjórninni fyrir metnaðarfull markmið í loftslagsmálum.

Í framhaldinu væri afbragðsskref fyrir íslenska ríkið að gerast aðili að bandalagi þjóða sem hafa skuldbundið sig til þess að leyfa ekki nýja olíu- og gasvinnslu (Beyond Oil and Gas Alliance¹) og skipa sér þar með í fremstu röð þjóða sem sýna í verki vilja til að hefta loftslagsvána.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ [Beyond Oil & Gas Alliance \(beyondoilandgasalliance.com\)](https://beyondoilandgasalliance.com)